

Mánudaginn 30. júlí 1979.

Nr. 136/1979. Vinnuálagasamband samvinnufélaganna
vegna Skipadeildar SÍS

gegn

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands
vegna Skipstjórafélags Íslands,
Stýrimannafélags Íslands,
Vélstjórafélags Íslands,
Félags íslenskra loftskammtamanna og
Félags bryta.

Kærumál. Félagsdómur. Frávísunardómur úr gildi felldur.
Séráttkvæði í Félagsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson prófessor.

Með kæru 16. júlí 1979, sem barst Hæstarétti 23. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 67. gr. laga nr. 80/1938 kært til Hæstaréttar frávísunardóm Félagsdóms, uppkveðinn 10. júlí 1979, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst hann þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Í 1. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 70/1979 er mælt fyrir um skipun kjaradóms, sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum. Samkvæmt 3. gr. skulu þær ákvarðanir vera bindandi fyrir aðilja frá gildistökudegi bráðabirgðalaganna 19. júní 1979, en verkföll og verkbönn, sem lögin taka til, eru lýst óheimil frá þeim degi, sbr. 4. gr. laganna. Er krafa sóknaraðilja fyrir Félagsdómi sú, að yfirvinnubann varnaraðilja verði samkvæmt þessu dæmt ólöglegt verkfall, en hann krefst ekki, að varnaraðilja verði gerð refsing vegna þess. Fær sú kröfu-

gerð samrýmst dómvenju Félagsdóms. Ákvæði 6. gr. laga nr. 70/1979 verður ekki örugglega skýrt svo, að því sé ætlað að skjóta loku fyrir, að slík krafa verði höfð uppi fyrir Félagsdómi í samræmi við meginreglu 44. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir Félagsdóm að taka málið til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur Félagsdóms 10. júlí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 5. þ. m., er höfðað með stefnu, útgefinni 25. f. m.

Stefnandi málsins er Vinnumálasamband samvinnufélaganna vegna Skipadeildar SÍS.

Stefndi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenskra loftskeytamanna og Félags bryta.

Í stefnu gerir stefnandi þær dómkröfur, „að yfirvinnubann það, sem samninganefnd yfirmanna á kaupskipum tilkynnti skipadeild SÍS um með bréfi, dags. 20. júní s.l., og komið hefur til framkvæmdar, verði dæmt ólöglegt og andstætt lögum nr. 80/1938 og bráðabirgðalögum nr. 70/1979 og fari í bága við ákvæði kjarasamninga þeirra félaga yfirmanna á kaupskipum, sem að yfirvinnubanninu standa. Þá er þess krafist, að stefnd félög verði dæmd til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.“

Í greinargerð gerir stefndi þær dómkröfur, að málinu verði vísað frá Félagsdómi, en til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar að skaðlausu.

Munnlegur málflutningur fór fram þann 5. þ. m. um hina framkomnu frávísunarkröfu.

Af hálfu stefnda var haldið fast við þá kröfu, að málinu verði

vísað frá dómi og að stefnanda verði dæmt að greiða stefnda málskostnað.

Af hálfu stefnanda var þess krafist, að frávísunarkröfu stefnda yrði hrundið, en stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað í þessum þætti málsins.

Málavextir eru þeir, að 1. apríl 1979 voru kjarasamningar Skipstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Félags íslenskra loftskammtamanna og Félags bryta við skipadeild SÍF, sem er aðili að Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, runnir út, en félög þessi eru öll aðiljar að Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Ofangreind félög svo og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands undirrituðu samstarfsyfirlýsingu, sem þann 28. mars 1979 var send Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Yfirlýsing þessi hefur að geyma yfirlýsingu „um samstöðu, samvinnu og kröfugerð við gerð nýrra kjarasamninga við útgerðarfélög farskipa.“

Með bréfi, dags. 17. apríl sl., boðaði Farmanna- og fiskimannasamband Íslands fyrir hönd framangreindra stéttarféлага til vinnustöðvunar á skipum Skipadeildar Sambands íslenskra samvinnuféлага. Móttók Vinnumálasamband samvinnufélaganna bréf þetta samdægurs. Hófst svo verkfall félagsmanna þessara á farskipum Skipadeildar Sambands íslenskra samvinnuféлага 25. apríl sl. Sáttatilraunir sáttasemjara ríkisins leiddu ekki til lausnar á deilunni. Með bráðabirgðalögum nr. 70/1979 frá 19. júní sl. var kveðið á um stöðvun verkfallsins og boðaðra verkbannsaðgerða Vinnuveitendasambands Íslands.

Í bráðabirgðalögunum segir m. a. svo í 1. mgr. 1. gr.:

„Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm, sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum.“

Ákvæði 2., 3., 4. og 6. gr. laganna eru svohljóðandi:

„2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups, kjara og launakerfis áhafna á farskipum meðal annars hafa hliðsjón af eftirfarandi:

- a) Þeim atriðum, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, svo sem um breytta vinnutilhögun.
- b) Síðast gildandi kjarasamningum áhafna á farskipum og launa- og kjarabreytingum, sem samið hefur verið um milli full-

trúa vinnuveitenda og stéttarfélaganna í öðrum starfsgreinum, frá því samningar áhafna voru síðast gerðir og þar til dómur gengur.

- c) Sérstöðu farmanna að því er varðar langar fjarvistir frá heimili og einangrun á vinnustað svo og þeirri menntun, ábyrgð og verkunnáttu, sem störf þeirra gera kröfu til.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkbönn og verkföll, sem lög þessi taka til, þar á meðal þau, sem gerð eru í samúðarskyni til þess að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, þar með framhald þeirra verkbanns- og verkfallsaðgerða á farskipum, sem nú standa, svo og boðaðar verkbannsaðgerðir Vinnuveitendasambands Íslands 25. júní n.k.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.“

1. mgr. 7. gr. laganna er svohljóðandi:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1979. Úrskurður kjaradóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.“

Hinn 20. júní sl. ritaði Ingólfur Ingólfsson f. h. samninganefndar yfirmanna Skipadeild Sambands íslenskra samvinnufélaga svohljóðandi bréf:

„Á fundi yfirmanna á kaupskipum, sem haldinn var þriðjudaginn 19. júní 1979 var samþykkt að lýsa yfir yfirvinnubanni við lestun, losun og færslu skipa á heimahafnarsvæðinu (Keflavík, Njarðvík, Straumsvík, Hafnarfirði, Reykjavík og Gufunesi) til ársloka að telja.

Verði gerðar tilraunir til brota gegn banni þessu, getur komið til sérstakra aðgerða.“

Frávísunarkrafa stefnda er byggð á því, að umrætt yfirvinnu-

bann sé ekki brot á lögum nr. 80/1938, enda sé þessi aðgerð ekki verkfall í skilningi vinnulöggjafarinnar.

Er leggja skuli mat á það, hvort ákveðin aðgerð sé verkfall eða verkban í skilningi II. kafla vinnulöggjafarinnar, verði að leggja til grundvallar þær heimildir, sem vinnulöggjöfin veiti til boðunar slíkra aðgerða.

Í 14. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur sé mælt fyrir um, að gera megi verkföll og verkbönn í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna í vinnudeilum. Í vinnulöggjöf-inni sé hins vegar hvergi að finna skilgreiningu á því, hvað sé vinnustöðvun. Samkvæmt almenntri skilgreiningu á sviði vinnu-réttar sé það verkfall, þegar verkamenn í einu stéttarfélagi eða fleirum leggi niður vinnu að einhverju eða öllu leyti í þeim sameiginlega tilgangi að þvinga fram lausn á kjaradeilu milli stéttarfélags og atvinnurekanda. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 80/1938 sé vinnustöðvun því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin af stéttarfélagi eða félagi atvinnurekanda eftir fyrirmælum laganna, sem tæmandi séu talin. Því sé ekki andmælt að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hafi komið fram fyrir hönd félaga sinna í nýafstaðinni vinnudeilu. Hins vegar beri að líta á það, að ákvörðunin um verkfallsboðun hafi verið tekin hjá hverju félagi fyrir sig í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938 og í samræmi við lög hvers félags. Í félags-lögum félaga innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sé ákveðið, hver hafi vald til að taka ákvarðanir um vinnustöðv-un og aflétta henni, og sé það yfirleitt trúnaðarmannaráð, sem taki þá ákvörðun eða hún sé tekin með leynilegri atkvæða-greiðslu, svo sem mælt sé fyrir um í lögum nr. 80/1938. Hins vegar hafi hvorki Farmanna- og fiskimannasamband Íslands né einstök aðildarfélög tekið ákvörðun um umdeilt yfirvinnubann eða haft það til umræðu eða meðferðar að neinu leyti. Skipti hér heldur ekki máli, þótt umrætt yfirvinnubann hafi verið boðað í nafni samninganefndar yfirmanna, svo sem fram komi í tilkynningu um það til útgerðarfélaga hinn 20. júní sl. Samkvæmt samkomulagi þeirra félaga Farmanna- og fiskimanna-sambands Íslands, sem aðild eiga að máli þessu, hafi samninga-nefnd félaganna það umboð eitt að vinna að kröfugerð við gerð nýrra kjarasamninga við atvinnurekendur. Samninganefndin hafi því hvorki haft heimild til verkfallsboðunar né annarra félags-legra aðgerða eða vinnuhindrana af neinu tagi.

Af því, sem hér hefur verið rakið, sé ljóst, að umrætt yfir-

vinnubann, sem boðað var 20. júní sl., fullnægi hvorki að formi né efni til skilyrðum til að geta talist verkfall í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Ákvörðun um það hafi ekki verið tekin með lögformlegum hætti, sé ekki á ábyrgð hinna einstöku félaga, sem stefnt hefur verið í máli þessu, og það hafi hvorki verið tilkynnt sáttasemjara ríkisins né þeim, sem það beinist gegn, með sjö sólarhringa fyrirvara, svo sem mælt sé fyrir um í 16. gr. laganna. Samkvæmt 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 70/1979 séu verkbönn og verkföll óheimil til að knýja fram aðra skipan kjaramála en lögin ákveða. Umdeildu yfirvinnubanni hafi því aldrei verið ætlað að vera verkfall og sé því mótmælt af hálfu stefnda, að það sé verkfall í skilningi laga nr. 80/1938. Í tillögu þeirri, sem samþykkt hafi verið á fundi yfirmanna á íslenskum farskipum hinn 19. júní sl., felist, að tilgangur yfirvinnubannsins sé fyrst og fremst sá að mótmæla setningu bráðabirgðalaga til lausnar kjaradeilu aðilja máls þessa og einnig að sporna við gífurlegri yfirvinnu farmanna á farskipum. Hér sé því um að ræða ákveðna vinnuhindrun á félagslegum grundvelli, sem ekki beri að líta á sem verkfall í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938. Það fari hins vegar eftir ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 70/1979, hvort umdeilt yfirvinnubann sé brot á þeim lögum. Í 6. gr. bráðabirgðalaganna sé mælt fyrir um, að með brot á þeim skuli fara að hætti opinberra mála og varði brot sektum, ef ekki liggi við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum. Það sé því álit stefnda, að með rannsókn á því, hvort yfirvinnubannið sé lögbrot eða ekki, skuli fara að hætti opinberra mála samkvæmt ákvæðum 6. gr. bráðabirgðalaganna.

Þá er bent á af hálfu stefnda, að málshöfðun stefnanda sé byggð á því, að síðastgildandi kjarasamningar milli aðilja hafi verið brotnir með umdeildu yfirvinnubanni og þar með heyri ágreiningur þessi undir Félagsdóm samkvæmt lögum nr. 80/1938. Með kröfu sinni sé stefnandi að krefjast þess af Félagsdómi, að hann skýri síðastgildandi kjarasamninga aðilja þannig, að umdeilt yfirvinnubann sé brot á vinnuskyldu samkvæmt honum og þar með að yfirvinnubannið sé brot á vinnulöggjöfinni. En til þess að Félagsdómur sé bær um að dæma um þessi atriði, verði að vera ljóst hvort kjarasamningur sé í gildi milli aðilja og hvort í honum felist ákvæði, sem telja verði að hafi verið brotin með yfirvinnubanninu. Því sé þess vegna haldið fram af hálfu stefnda, að hvorugu þessu sé til að dreifa. Um gildi kjara-

samnings milli aðilja og um efni hans sé svo mikill vafi, eins og málum er komið, að Félagsdómur geti ekki lagt mat á starfs-skyldur yfirmanna á farskipum á þeim grundvelli. Þeri því að vísa málinu einnig frá Félagsdómi af þeim sökum.

Þann 1. apríl sl. hafi kjarasamningar yfirmanna á farskipum fallið úr gildi fyrir uppsögn. Frá 25. apríl til 19. júní sl. hafi verkfall yfirmanna á farskipum staðið yfir, en síðan hafi það verið stöðvað með bráðabirgðalögum nr. 70/1979.

Þótt ekki sé dregin í efa sú meginregla, að síðastgildandi kjarasamningur aðilja gildi að óbreyttu, þangað til annar hefur verið gerður, sé engan veginn hægt að telja að svo sé í þessu tilfalli. Ráði þar mestu um aðdraganda bráðabirgðalaganna rammamningur sá, sem aðiljar höfðu komið sér saman um við sáttaumleit-anir fyrir sáttasemjara ríkisins. Öll þessi atriði hafi skapað meira óvissuástand um núgildandi kjarasamninga en svo, að hægt sé að segja, að síðastgildandi kjarasamningur sé í gildi nú milli aðilja. Sá kjarasamningur sé nú ekki lengur við lýði í öll-um aðalatriðum sökum margvíslegra breytinga, sem aðiljar hafi orðið sammála um að gera, að öðru leyti en því, að ekki hafi tekist samkomulag um kaupliði.

Í 2. gr. bráðabirgðalaga nr. 70/1979 segi, að kjaradómur skuli við ákvörðun kaups, kjara og launakerfis áhafna á farskipum m. a. hafa hliðsjón af þeim atriðum, sem samkomulag hafi orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, svo sem um breytta vinnutilhögun o. s. frv.

Í 3. gr. laganna segi svo, að ákvarðanir kjaradóms skv. 1. gr. skuli vera bindandi fyrir aðilja frá gildistöku laganna, en lög-in hafi tekið gildi þann 19. júní sl.

Samkvæmt efni bráðabirgðalaganna leysi þau raunverulega af hólmi síðastgildandi kjarasamninga, enda gildi væntanleg ákvæði og niðurstaða kjaradóms um kaup og kjör farmanna aftur fyrir sig, eða frá 19. júní sl. Þann dag hafi ákvörðun um yfirvinnubann verið tekin.

Með hinum nýju kjörum, sem kjaradómur muni ákveða, og þar með þeim atriðum, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, sé raunverulega búið að semja um nýja skipan eftirvinnu með umtalsverðum breytingum frá síðastgildandi kjarasamningi. Þar séu lagðar niður ýmsar aukagreiðslur vegna yfirvinnu, t. d. vaktatillegg, yfirvinnu varðandi lestun og losun hjá stýrimönnum, yfirvinnu vegna þrifa hjá vélstjórum o. s. frv.

Allar þessar greiðslur hafi nú verið felldar niður, en í staðinn vanti aðeins kaupliðina í hið nýja samkomulag. Það sé verkefni kjaradóms samkvæmt lögum nr. 70/1979 að ákveða það. Ef líta eigi svo á, að um sé að ræða venju, sem jafngilt geti ákvæði kjarasamnings um þetta, þurfi sú venja að vera óumdeild, langvarandi og sönnuð. Stefndi mótmæli, að um slíka venju sé að ræða. Kjarasamningar, sem í gildi hafi verið undanfarin ár, hafi engan veginn verið skýrðir svo af aðiljum, að þeir gæfu heimild til ótakmarkaðrar yfirvinnu. Yfirvinna hafi fyrst og fremst átt við um ýmis öryggisstörf og eftirlit í starfi yfirmanna. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að svo mikil óvissa sé um skyldu yfirmanna til að vinna yfirvinnu, að vísa beri málinu frá dómi einnig af þeirri ástæðu.

Krafa stefnanda um, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið, er byggð á þeim rökum, að í upphafi samningaviðræðna málsaðilja á sl. vori, þegar kröfur hafi verið lagðar fram, hafi fulltrúum vinnuveitenda verið gerð grein fyrir því, að sérstök samninganefnd yfirmanna hefði verið skipuð, sem annast mundi samningaumleitun og samningsgerð við vinnuveitendur í samráði við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Jafnframt hafi verið lagður fram samstarfssamningur yfirmanna.

Þessi samstarfsnefnd yfirmanna hafi síðan farið með samninggerð allt þar til samningaumleitun lauk við setningu bráðabirgðalaga nr. 70/1979.

Þegar ljóst hafi orðið, að skammt var að bíða bráðabirgðalaga, hafi Farmanna- og fiskimannasamband Íslands boðað til fundar yfirmanna hinn 19. júní með auglýsingu í útvarpi.

Fundur þessi hafi staðið enn yfir, þegar bráðabirgðalög nr. 70/1979 voru sett. Hafi á fundi þessum verið ákveðið að grípa til yfirvinnubanns þess, sem nú stendur yfir. Hafi Skipadeild Sambands íslenskra samvinnufélaga verið tilkynnt þessi ákvörðun fundarins með bréfi dags. 20. júní sl. Bréf þetta hafi verið undirritað af Ingólfi S. Ingólfssyni f. h. samstarfsnefndarinnar og hafi það verið ritað á bréfsefni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en Ingólfur sé forseti þess félags. Hafi yfirvinnubanni þessu svo verið fylgt eftir með verkfallsvörslu og hafi verið að henni staðið með sama hætti og um verkfall væri að ræða.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, er því haldið fram af hálfu stefnanda, að engum vafa sé bundið, að yfirvinnubannið

sé félagsaðgerð, sem stéttarfélög yfirmanna standi að með vitund og vilja Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Það sé því réttilega verkefni Félagsdóms að skera úr um það, hvers konar félagslegt fyrirbæri yfirvinnubannið sé og hvort það fari í bága við ákvæði laga nr. 80/1938.

Álit dómsins.

Í 1. og 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir, að verkefni Félagsdóms sé:

- „1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögsmætra vinnustöðvana. 2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.“

Félagsdómur er sérdómstóll. Ber að skýra ákvæði laga nr. 80/1938 um dómsvald Félagsdóms þröngt.

Kröfugerð stefnanda fjallar að vísu samkvæmt efni sínu um málsefni, sem almennt fellur undir úrskurðarvald Félagsdóms.

Þegar hins vegar efni bráðabirgðalaganna er virt, þar sem málum er skipað með öðrum hætti en ráð er fyrir gert í lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, þá verður ekki hjá því komist að líta svo á, að Félagsdómur eigi ekki úrskurðarvald um ágreiningsefni málsins. Ber því að taka frávisunarkröfu stefnda til greina. Eftir öllum atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Þorsteinn Thorarensen og Árni Guðjónsson.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Bjarna Kristins Bjarnasonar og Páls S. Pálssonar.

Í 1. og 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir, að verkefni Félagsdóms sé:

- „1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögsmætra vinnustöðvana. 2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.“

Samkvæmt efni sínu fjallar kröfugerð stefnanda um málfefni, sem almennt fellur undir úrskurðarvald Félagsdóms.

Eigi verður talið, að ákvæði bráðabirgðalaganna nr. 70/1979 standi því í vegi, að Félagsdómur leggi efnisdóm á málið, svo sem það hefur verið lagt fyrir dóminn.

Ber því að hrinda hinni framkomnu frávisunarkröfu.

Rétt er að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Úrskurðarorð:

Framkomin frávisunarkrafa er ekki tekin til greina.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Þriðjudaginn 31. júlí 1979.

Nr. 137/1979. **Ákærvaldið**

gegn

Guðmundi Einari Harðarsyni.

Kærumál. Framsal sakamanns samkv. lögum nr. 7/1962. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 7/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. júlí 1979, er barst 27. s. m. Í greinargerð verjanda hans er þess krafist, að úrskurðinum verði hrundið og að málsvarnarlaun verjanda verði greidd úr ríkissjóði.

Greinargerð hefur eigi borist frá ríkissaksóknara.

Athafnir ákærða, þær er greinir í framsalsbeiðni og hann hefur viðurkennt, ber að virða sem áframhaldandi brotastarfsemi, er svarar til verknaðarlýsingar almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 173. gr. a, sbr. lög nr. 64/1974. Sam-